



1. fundur stjórnar AP, starfsárið 2010-2011
haldinn á Hótel Eddu að Stórutjörnum 23. júní 2010 kl.15:10

Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Margrét Bjarnadóttir, Pétur Snæbjörnsson, Sigurgeir Höskuldsson Guðmundur Guðmundsson áheyrnarfulltrúi Byggðastofnunar og Gunnólfur Lárusson sem varamaður í stað Björns Víkinga Björnssonar. Einnig sat fundinn Ari Páll Pálsson, starfsmaður AP sem ritaði fundargerð.

Aldursforseti, Guðmundur Guðmundsson setti fund og bauð nýja stjórn velkomna til starfa.

1. Verkaskipting stjórnar

Fyrsta mál fundarins var skipun í embætti nýrrar stjórnar og óskaði Guðmundur eftir tillögum þar að lútandi.

Aðalsteinn Á. Baldursson bar upp tillögu um Sigurgeir Höskuldsson sem formann, Margréti Bjarnadóttur sem varaformann og Björn Víking Björnsson sem ritara.

Ekki komu fleiri tillögur fram og var tillagan samþykkt einróma.

2. Önnur mál

Rætt var um að huga strax að undirbúningi og hugsanlegum vinnufundi fyrir komandi stefnumótun en vinnuferlið sjálft hefst síðan í haust.

Fleira var ekki rætt á fundinum og var honum slitið kl. 15:20